

Ég vil gjarnan lýsa stuðningi við frumvarp þess efnis að algert bann verði lagt á blóðmerahald hér á landi þar sem mitt nafn kemur fram sem stuðningsaðili. Þar með hef ég lagt inn nýja umsögn máli mínu til stuðnings þar sem meðfylgjandi erindi Meike Witt í fyrra pósti dugði ekki til.

Að fyrstu vil ég fordæma það dýraníð sem blóðmerahald er og það ofbeldi sem fylfullar hryssur eru láttnar þola við töku blóðs líkt og sannaðist hér um daginn í fjölmiðlum víða um heim. Iðnaður þessi er einkar ógeðfældur þar sem ekki einvörðungu er aðferð við blóðtöku hrottaleg heldur er tilgangur þess jafnvel enn verri í ljósi þess að hormón úr blóði hestanna er notað sem örvunarhormón í þaueldi svína til þess að gyltur gjóti sem flestum grísnum á sem stystum tíma. Þessi iðnaður gengur þvert gegn allri dýravelferð sem við viljum kenna okkur við. Svínin lifa við hrottalegar aðstæður allt sitt aumkunaverða líf þar til þeim er loks slátrað.

Að láta svo hryssur ganga í gegn um blóðtöku tók stuðning þessa er ekki bara ógeðfellt heldur siðlaust með öllu.

Öll þau ríki sem við kennum okkur við hafa bannað þennan iðnað enda brýtur hann á lög um dýravelferð. Þessi lönd líta til okkar nú þegar þetta mál er komið í alheims fjölmiðla og bíða þess hvað þið ákveðið. Niðurstaða þessi mun marka ýmind okkar á landi og þjóð. Heimurinn fylgist með.

Það er öllu mikilvægara að við gætum að ýmind okkar utan landsteina þegar einn stærsti iðnaður okkar er ferðamannaiðnaðurinn. Þar skapar ýmind okkar sem hreint land, óspillt náttúra, gæska vorra þjóðar á dýrum og mönnum öllu máli. Ef iðnaður sem þessi fær áfram að ganga mun það verða stórskaði á innkomu fjárs í þjóðarbúið.

Mér þykir því löngu tímabært að við uppfærum lög okkar um velferð dýra (lög nr. 55/2013) með því að leggja algert bann við blóðmerahald.

Virðingarfyllt,

Sigurlaug Knudsen Stefánsdóttir, eigandi og rekstrarstjóri SÓNÓ matselja í Norræna Húsinu.